



Vellíðan og menntun fyrir alla

Próunarverkefni styrkt af Sprotasjóði

UMS - 86 2018 – 2019

Verkefnastjóri: Rakel Guðmundsdóttir

Lokaskýrsla ágúst 2019

Hlíðaskóli



Velliðan og menntun fyrir alla

Markmið verkefnis samkvæmt umsókn

- Fræðsla fyrir nemendur skólans um fjölbreytilega kynvitund.
- Fræðsla fyrir starfsfólk skólans um fjölbreytilega kynvitund.
- Fræðsla fyrir starfsfólk skólans um móttöku og kennslu barna með óhefðbundna kynvitund.
- Vinna að fjölbreyttum verkefnum sem snúa að ásýnd skólans og sýnileika varðandi það að styðja við fjölbreytileikann.

Leiðir sem valdar voru til að ná markmiðum

Þar sem Hlíðaskóli vill vera fordæmisgefandi og fyrirmynd fyrir aðra skóla í málefnum hinsegin nemanda var strax var undirbúið að fá markvissa fræðslu til allra nemenda og starfsmanna. Um fræðsluna sá Kristín Tómasdóttir, kynjafræðingur og móðir barns með ódæmigerða kynvitund. Náði fræðslan inn í alla bekki skólans, alls 24. Inntak fræðslunnar snýr að hugtökunum kyn, kyngervi og kynvitund. Einnig fékk starfsfólk sambærilega fræðslu. Fengu foreldrar tölvupóst með upplýsingum um fræðsluna og hvatningu til þess að hafa samband ef spurningar kviknuðu. Þá voru línur lagðar fyrir móttöku barna með fjölbreytilega kynvitund.

Teymi var stofnað og í því sitja:

Rakel Guðmundsdóttir verkefnastjóri verkefnisins, Anna Flosadóttir verkefnastjóri, Hildur Heimisdóttir kennari, Hjalti Björn Valþórsson kennari og Þórey Þórarinsdóttir námsráðgjafi.

Mörg verkefni voru á dagskrá og vann teymið ötullega að því að ýta þeim áfram. Teymið hittist hálfsmánaðalega.

Verkefni sem unnið var að:

- Keyptar bækur á bókasafn sem spegla hinsegin veruleika.
- Breytingar á merkingum á salernum.
- Hafin er vinna við breytingar á myndefni og fræðsluefni í umhverfi skólans sem miðar að því að útmá skilaboð um fyrir fram ákveðin og stöðluð kyn-hlutverk, -gervi eða -vitund.
- Mikilvæg skilaboð felast í regnbogafánanum sem hefur verið keyptur og dreift í allar stofur og flaggað úti við ýmis tækifæri

- Unnið að sérstakri móttökuáætlun sem skólinn styðst við þegar barn með óhefðbundna kynvitund hefur nám við skólann. Í áætluninni felst m.a: teymisvinna, fræðsla fyrir nemendur og foreldra, leiðbeiningar fyrir kennara um hvernig skólinn tekur sem best á móti nemanda með sérstakar þarfir í tengslum við kynvitund. Undir þennan lið falla einnig ráðleggingar til starfsmanna svo taka megi sem best á móti hinsegin börnum.
- Aðkeypt fræðsla um kyn, kynvitund og kyngervi fyrir nemendur og starfsmenn.
- Fjórir kennarar frá Hlíðaskóla sóttu ráðstefnu í Iðnó um Trans börn á Íslandi í septmber. 2018.
- Fastir fundir vinnuteymis sem meðal annars sér um fræðslu sem lítur að aðlögun kennslu sem gerir ráð fyrir óhefðbundinni kynvitund. Reynt er að bjóða upp á lausnir þar sem hver nemandi og foreldrar hafa val um nokkrar leiðir er lúta að þessu málefni.

Frávik samkvæmt áætlun verkefnisins

Engin sérstök frávik nema þá helst að verkefnið reyndist mjög viðamikilið og teymið hafði í mörg horn að líta.

Helstu hindranir sem komu upp við vinnu verkefnisins

Málefnið er viðkvæmt og mesta áskorunin felst í því að vinna markvisst að koma í veg fyrir fordóma og að breyta viðhorfum. Þá er það áskorun að fræða um fjölbreytileikann án þess að beina sjónum að ákveðnum einstaklingum.

Helsti ávinningur af vinnu við verkefnið, jákvæð atriði sem fylgdu í kjölfarið eða samhliða verkefnisvinnu

Aukinn skilningur á málefninu innan skólasamfélags Hlíðaskóla, nemendur betur upplýstir.

Einnig var mjög jákvætt að fá „Hvatningarverðlaun Reykjavíkurborgar“ fyrir verkefnið. Verðlaunin vöktu athygli á verkefninu og styrkti alla sem að því komu í þeirri trú að það væri mikilvægt og skólinn á réttri leið.

Mat á verkefninu

Innleiðingarferlið hefur gengið mjög vel. Verkefnið hefur opnað augu okkar fyrir mikilvægi þess að vera vel upplýst og að vanda vel til allra fræðslu er varðar hinsegin börn.

Niðurstöður verkefnis

Meginniðurstaðan er sú að skólasamfélag Hlíðaskóla er orðið meðvitaðra um fjölbreytileikann og mikilvægi þess að leggja alúð við líðan allra. Þá hefur Hlíðaskóli, í kjölfar verkefnisins, orðið fyrirmynd

fyrir skólasamfélagið í málefnum nemandanna með fjölbreytta kynvitund. Aðrir skólar hafa sent fyrirspurnir og hinsegin samfélagið orðið meðvitað um starf Hlíðaskóla í þessum efnum.

Áætluð kynning á afrakstri verkefnisins og helstu niðurstöður

Verkefnið er komið til að vera og mikilvægt er að viðhalda því með markvissum umræðum og fræðslu um fjölbreytta kynvitund barna. Verkefnið hefur þegar verið kynnt starfsfólki og nemendum og fyrirhugað er að kynna það einnig fyrir foreldrum.

Nú þegar hefur hópur starfsmanna úr öðrum grunnskóla leitað eftir og fengið ráðgjöf frá teyminu.

Verkefnisstjóri vinnur nú að MA-ritgerð við HI þar sem innleiðingarferlið í Hlíðaskóla er skoðað.

Verður það kynnt fyrir öllum starfsmönnum nú á haustdögum.

Kristrún Guðmundsdóttir — *RAKEL GUÐMUNDSDÓTTIR*

Kristrún Guðmundsdóttir
skólastjóri

Rakel Guðmundsdóttir
verkefnisstjóri

